

Alþingi  
Erindi nr. P 13<sup>33</sup>/1057  
komudagur 19.2.2011

Lífsvernd  
Garðhúsum 30  
112 Reykjavík

Nefndarsvið Alþingis,  
Austurstræti 8-10,  
150 Reykjavík

B. t. Margrét María Grétarsdóttir.

Við vorum beðin um að senda inn umsögn um frumvarp um breytingu á lögum nr. 55/1996, um tæknifrjövgun, með síðari breytingum. Í þessu frumvarpi er lagt til að nýta fósturvísa sem fengnir eru með tæknifrjövgun í æxlunarskyni til þess að vinna úr þeim stofnfrumum.

Fyrst viljum við benda á að við tæknifrjövgun í æxlunarskyni verða óhjákvæmilega til einstaklingar, svonefndir „umframfósturvísar“, sem liggur fyrir að verða eytt. Þess vegna eru slíkar frjövganir í sjálfu sér ekki siðferðilega lögmætar með tilliti til mannlægs lífs sem verður eytt við slíka aðgerð, þótt tilgangurinn sé góður.

Grundvallarspurningin er, varðandi þetta frumvarp: Er siðferðislega lögmætt að framleiða og/eða nota lífandi fósturvísa til þess að ná stofnfrumum?

Svarið er neikvætt af eftirtöldum ástæðum:

1. Á grunni líffræðilegs eðlis, er mannlæg fósturvísir - frá frjövgun eggis - mannlæg vera með sitt eigið einkenni og erfðavísa, sem hefur hafið sinn þroska. Aldrei eftir það má hún vera talin aðeins samansafn fruma.
2. Þess vegna er brottnám stofnfruma, sem deyðir fósturvísinn, alvarleg siðlaus athöfn.
3. Þótt tilgangurinn sé góður, að finna lausnir við heilbrigðisvandamálum, getur engin tilgangur réttlætt verknað af þessu tagi. Góður tilgangur réttlætir ekki verknað sem er rangur í sjálfu sér.
4. Fyrir kaþólska er þessi afstaða staðfest af kennivaldi kirkjunnar í Evangelium vitae [2] með tilvísun í Donum Vitae [3]. Kirkjan hefur ætíð kennt, og kennir áfram, að árangur mannlægs getnaðar verður að tryggja skilyrðislausu virðingu frá upphafi tilvistar þess. „Mannlega veru á að virða og koma fram við eins og manneskju frá augnabliki getnaðar; og þess vegna frá sama augnabliki hefur verður að virða rétt hennar sem manneskju, meðal þess sem þar er efst á lista er ófrávikjanlegur rétt hvers saklausra mannlægrar veru til lífs“

Ennfremur er ekki siðferðislega lögmætt að nota stofnfrumur fósturvísa, eða aðrar frumur sem hafa þróast úr þeim, sem hafa verið fengnar frá öðrum rannsóknaraðilum eða þriðja aðila, vegna þess að það felur í sér beina eða óbeina þátttöku í þeim siðlausu verknaði, að framleiða eða misnota mannlæga fósturvísa, með þeim sem framleiðir eða útvegar þá.

Niðurstaðan er að það er ekki erfitt að sjá alvarleikan í því siðferðislega vandamáli sem stafar að því að vikka út rannsóknir með framleiðslu og/eða notkun á mannlægum fósturvísimum, jafnvel einungis frá mannúðarsjónamiði. Það er mögulegt að nota fullorðins stofnfrumur til að ná sömu markmiðum og reynt er að ná með fósturvísimum stofnfrumum. Það er miklu skynsamlegri og mannlægri aðferð til að ná góðum árangri á þessu sviði, og gefur góðar vonir fyrir marga sem þjást.[1]

[1] Lauslega byggt á úrdrætti úr yfirlýsingu Vatikansins um stofnfrumurannsóknir.

[http://www.vatican.va/roman\\_curia/pontifical\\_academies/acdlife/documents/rc\\_pa\\_acdlife\\_doc\\_20000824\\_cellule-staminali\\_en.html](http://www.vatican.va/roman_curia/pontifical_academies/acdlife/documents/rc_pa_acdlife_doc_20000824_cellule-staminali_en.html)

[2] [http://www.vatican.va/holy\\_father/john\\_paul\\_ii/encyclicals/documents/hf\\_jp-ii\\_enc\\_25031995\\_evangelium-vitae\\_en.html](http://www.vatican.va/holy_father/john_paul_ii/encyclicals/documents/hf_jp-ii_enc_25031995_evangelium-vitae_en.html)

[3] [http://www.vatican.va/roman\\_curia/congregations/cfaith/documents/rc\\_con\\_cfaith\\_doc\\_19870222\\_respect-for-human-life\\_en.html](http://www.vatican.va/roman_curia/congregations/cfaith/documents/rc_con_cfaith_doc_19870222_respect-for-human-life_en.html)

Fyrir hönd Lífsverndar,



Magnús Ingi Sigmundsson  
130665-4119